

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 76/2020

frá 12. júní 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/360 frá 17. desember 2019 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í plátínuhúðuð plátínurafskaut, sem eru notuð til að mæla tiltekna eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/361 frá 17. desember 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/364 frá 17. desember 2019 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kadmíums í tiltekna geislunarþolna myndbandsupptökuvélalampa, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/365 frá 17. desember 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni og húðun á tengjum sem eru notuð í tiltekna brunahreyfla í handverkfærum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/366 frá 17. desember 2019 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem varmastöðgara í

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 109.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 112.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 122.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 125.

pólývínýlklóríði sem er notað í tiltekin lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði og öðrum líkamsvessum og líkamslofti, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽⁵⁾.

6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32020 L 0360:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/360 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 109),
- **32020 L 0361:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/361 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 112),
- **32020 L 0364:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/364 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 122),
- **32020 L 0365:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/365 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 125),
- **32020 L 0366:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/366 frá 17. desember 2019 (Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 129).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra tilskipana (ESB) 2020/360, (ESB) 2020/361, (ESB) 2020/364, (ESB) 2020/365 og (ESB) 2020/366, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 129.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING